Nefndarsvið Alþingis

nefndasvid@althingi.is

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík Reykjavík, 11.04.2017

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar. Þingskjal 507– 378. mál**

Landspítali vísar til erindis nefndarsviðs Alþingis dags. 6. apríl 2017 um ofangreint efni.

Umsagnaraðilar fagna tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd. Nýtt meðferðarheimili á höfuðborgarsvæðinu er nauðsynlegt meðferðarúrræði fyrir ákveðinn hóp unglinga og það er jákvætt að vægi gagnreyndra aðferða í stofnanameðferð sé aukið. Þá er það jákvætt að PMTO þjónusta sé efld. Umsagnaraðilar telja einnig að tillögur um bætt verklag í barnavernd séu nauðsynlegar og mikilvægt skref til bættrar þjónustu.

Í tillögu 13 - „Þjálfun og fræðsla fósturforeldra" er Barna- og unglingageðdeild Landspítala (BUGL) nefnd sem samstarfsaðili. Mikilvægt er að skilgreina betur í hverju slíkt samstarf yrði fólgið og leita samráðs við stjórnendur á BUGL um möguleika á slíku samstarfi.

Virðingarfyllst,

Páll Matthíasson

Forstjóri

Linda Kristmundsdóttir

Framkvæmdastjóri Kvenna- og barnasviðs